

KJARASAMNINGUR milli  
365 miðla ehf.  
og  
Rafiðnaðarsambands Íslands

1.gr.

Síðasti gildandi kjarasamningur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2009.

2.gr

Á gildistíma samnings þessa breytast laun sem hér segir:

Við gildistöku	3,25%.
1. júlí 2009	3,5%
1. janúar 2010	2,5%

3.gr

Frá gildistöku samningsins greiðir fyrirtækið 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

4. gr.

Ákvæði um veikindi barna hljóði svo:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá 365 miðlum ehf. er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

5. gr.

Framlenging samnings / samningsforsendur

Komi til þess að samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar skal um framlengingu kjarasamninga fyrir lok júní 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamningum eða aðrar dagsetningar launahækkana skal sama gilda um þennan samning.

*[Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA frá 25. febrúar 2009 er ákvörðun um endurskoðun kjarasamninga frestað og skal taka ákvörðun um dagsetningar launahækkana eigi síðar en í júní*



2009. Hækkun 1. júlí 2009 skv. samningi þessum getur því frestast eða tekið breytingum í samræmi við niðurstöðu viðræðna í júní nk.J

Náist ekki samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum júní 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum júní 2009, ella framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

Reykjavík, 2. apríl 2009

F.h. 365 miðla ehf.

Ari Þórhora  
Ordr. Björnsdóttir  
R. Valger

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Steinn Gunnar  
Haflið Björnsdóttir  
Klaudia Björnsdóttir  
Binnar Jón Sigurðsson  
Ólafur Sævald  
Mórunn Þorgeirsdóttir

### **Bókun**

Samningsaðilar stefna að því að hverfa frá sérstökum samningi milli RSÍ og 365 miðla ehf., en byggja þess í stað á almennum samningi SA við RSÍ með sérstökum viðauka ef þess er þörf. Vinnu við endurskoðun verði lokið fyrir 1. desember nk.

### **Bókun**

Við undirskrift samnings þessa fá allir starfsmenn, sem hafa verið í fullu starfi frá 1. febrúar 2008, eingreiðslu að upphæð kr. 30.000. Aðrir fá greitt hlutfallslega m.v. starfshlutfall og starfstíma.

A handwritten signature in black ink, consisting of several loops and strokes, positioned to the right of the text.